

Æskulýðsskýrsa hestamannafélagsins Grana á starfsárinu 2017/2018



Í vetur var haldið áfram að bjóða verðandi hestamönnum upp á eins fjölbreytt starf eins og hægt var. Samstarfið okkar við Æskulýðnefnd Þjálfá hélt því miður ekki áfram og sumu hluti þurftu að endurskipuleggja.



- Í Janúar fór meðlimie félagsins hún Iðjunn Bjarnadóttir á leiðtoganámskeið til Þýskalands og við vonum að hennar þekking mun nýtast okkur í framtíðinni.
- Við byrjuðum starfsárið með því að bjóða bæjarbúum á hestbak. Sem vel var tekið.
- Fyrstu námskeiðin voru haldnir í mars og kennarar voru Einar Víðir Einarsson og Iðunn Bjarnadóttur. Námskeiðunum var skipt í byrjendahóp og lengra komna. Í heild tóku tólf börn þátt.
- Ásdis Helga Sigursteinsdóttir kom þrjú skipti til okkar í vetur og var með Trec-námsekeið fyrir vön ungmenni félagsins. Þátttakendafjöldi var mismunandi þar sem við náðum ekki alltaf að hitta á helgi þar sem allir voru heima. Námskeiðin tókust vel og allir voru ánægðir.
- Í apríl hófust æfingar fyrir „Æskan og hesturinn“ á Akureyri undir stjórn Karin Gerhartl. Sex ungmenni úr félaginu sáu sér fært að taka þátt. Ákveðin var að sýna „hindrunastökk með munsturreið“. Það var áskorun



fyrir knapa og hesta. Æfingarnir gengu misjafnlega vel en ákveðið var að kýla á það. Þegar stóri dagurinn rann upp var veðrið slæmt og ekki var hægt að keyra með hestakerru til Akureyrar. Það voru mikið vonbrigði en við keyrðum samt til Akureyrar til að horfa á sýninguna sem var alls ekki eins gaman og að taka þátt. En við munum reyna aftur.

- Sumarnámskeið Grana voru haldin í júní. Í þetta sinn tóku Karin Gerhartl og Ingólfur Jónsson að sér að kenna byrjendum (6 þátttakendur) og Gísli Haraldson kenndi lengra komnum (6 þátttakendur) og farið var í nokkra útreiðatúra þegar veður leyfði. Þar á móti vorum við aftur í samstarfi við Miðjuna (dagvist fyrir fatlaða einstaklingar). Þaðan mættu 8 börn sem var skipt í tvo hopa í klukkutíma í senn í fimm skipti. Kennarar voru Iris Myriam Waitz og Sigríður Atladóttir. Öll námskeiðin tókust vel. Að loknum námskeiðunum var byrjendahópnum og börnunum með sérþarfir boðið að taka þátt í Firmakeppni Grana.



Þessum tíma sumars.

- Erfitt var að finna kennara til að halda haustnámskeið þannig að við gátum ekki boðið upp á þannig námskeið í ár sem er mjög leitt.

- Haldin var námskeið fyrir börn með sérþarfir í september. Iris Myriam Waitz kenndi fjórum einstaklingum í samstarfi við Saltvík Hestaleiga og frábærum starfstúlkum. Námskeiðið átti að vera í ágúst á starfstíma Miðjunar en engin sá sig fært um að kenna á

Að lokum langar æskulýðsnefndinni að þakka öllum sem hafa aðstoðað nefndina á þessu starfsári. Sérstaklega þökkum við Saltvík hestaleigu fyrir alla þá hesta sem við fengum lánaða, án þeirra gætum við varla haldið námskeið. Einnig þökkum við þeim einstaklingum sem sáu sér fært að lána okkur sína góðu hesta. Við megum ekki gleyma þeim sem gáfu okkur hey, voru tilbúnir að járna, mokuðu hesthúsið, gáfu hestunum og slóðdrögu túnin. Einnig þökkum við öllum aðstoðarfólki (stúlkur og strákar) sem sáu sér fært um að aðstoða reiðkennara við námskeiðin.



Fyrir hönd æskulýðsnefndar,

Iris Myriam Waitz